

## Tillaga frá bæjarstjóra

Í framhaldi af meirihlutfundi í gær er eftirfarandi mín hugmynd að tillögu fyrir bæjarráð:

*Mikilvægt er að ná betri yfirsýn yfir fjölda og staðsetningu gáma í Sveitarfélaginu Árborg. Ýmsar ástæður geta verið fyrir notkun gáma og tímabundin staðsetning þeirra lengur en einhverja daga reynist stundum nauðsynleg. Í þeim tilvikum ætti að vera gerð krafa um stöðuleyfi á meðan ástandið varir. Í öðrum tilvikum eru gámar nýttir sem skúrar til lengri tíma og þá hlýtur að koma til skoðunar að kalla eftir byggingarleyfi og snyrtilegum frágangi. Í einhverjum tilvikum kann að vera um hirðuleysi að ræða og þá þarf sveitarfélagið að geta brugðist við og fært málin til betri vegar.*

*Kvartanir hafa borist frá íbúum vegna mikillar gámaavæðingar í nágrenni þeirra og því ljóst að íbúum er það hugleikið að þessi mál séu til fyrirmyndar.*

*Af þessum ástæðum er lagt til að skipaður verði vinnuhópur um stöðuleyfi sem hafi það hlutverk að skilgreina viðfangsefnið betur og koma með tillögur að reglum, gjaldskrá, skráningu og eftirfylgni að því er varðar gáma og sambærilega lausafjármuni.*

*Lagt er til að hópinn skipi formaður skipulags- og byggingarnefndar, formaður umhverfisnefndar, bæjarfulltrúi minnihluta og að með hópnum starfi starfsmenn sveitarfélagsins, þau Anton Kári Halldórsson skipulagsfulltrúi, Sveinn Pálsson byggingarfulltrúi, Sigríður Vilhjálmsdóttur lögmaður og Sigríður M. Björgvinsdóttir verkefnisstjóri stafrænnar þróunar.*

<https://www.fjardarfrettir.is/frettir/nyjar-reglur-samthykktar-um-stoduleyfi-gama-ef-tir-urskurd>

[https://ibuagatt.hafnarfjordur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=OmnoFXwrjUiUQNXbjq2iCQC&meetingid=7oYUIKFMkwRKGG\\_8iGA1&filename=St%C3%B6%C3%B0uleyfi\\_reglur\\_dr%C3%B6g%20sam%C3%BEykkt%2023.3.2021.pdf](https://ibuagatt.hafnarfjordur.is/meetingsearch/displaydocument.aspx?itemid=OmnoFXwrjUiUQNXbjq2iCQC&meetingid=7oYUIKFMkwRKGG_8iGA1&filename=St%C3%B6%C3%B0uleyfi_reglur_dr%C3%B6g%20sam%C3%BEykkt%2023.3.2021.pdf)